

Teiknilist ehf
Ragnhildur Ingólfssdóttir,
arkitekt
Bólholti 8
105 Reykjavík

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
05. jan. 2011 10.4.3	
Tilv.	_____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 3. janúar 2011
Tilvísun: UST20101200183/ksj

Tillaga að frístundabyggð, Birkihvammur og Hvammur, Hvalfjarðarsveit.

Vísað er til erindis Teiknilistar ehf fyrir hönd eiganda, er barst 30. desember sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að deiliskipulagi frístundabyggðar í Hvammi og Birkihvammi í Hvalfjarðarsveit.

Staðsetning svæðis sem tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar er áætluð á er suð-vestur af Borgarnesi, í Vörðuskógi undir Hafnarfjalli. Stærð Birkihvammis er áætlað 39,5 ha og stærð Hvamms er 0,5 ha. Skipulagssvæðið er óbyggt, ósnortið svæði í hallandi landi. Lóðin Birkihvammur liggur hæst 50 m yfir sjávarmáli við Hringveg 1 og hallar niður að sjó. Lóðin Hvammur er í 25 m hæð yfir sjávarmáli.

Deiliskipulagstillagan er í samræmi við áætlanir í aðalskipulagi Hvalfjarðar 2008 - 2020. Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við deiliskipulagstillöguna.

Náttúruminjar

Umhverfisstofnun ítrekar fyrri umsagnir um tillögur að frístundabyggð á svæði Hafnarskógar og bendir á að ofangreint deiliskipulag er innan náttúruminjasvæðisins Hafnarskógur eins og það er skilgreint í náttúruminjaskrá. Umhverfisstofnun bendir á að þrátt fyrir markmið um lágmarks umhverfisröskun megi ætla að við byggingu frístundahúsa á svæðinu muni talsvert af náttúrulegum birkiskógi verða eyðilagður. Hafnarskógur er á náttúruminjaskrá en um svæðið segir í skránni:

„Hafnarskógur, Leirár- og Melahreppi, Borgarfjarðarsýslu. (1) Hafnarskógur og landsvæði umhverfis. Til norðurs og austurs ráða hreppamörk Leirár- og Melahrepps og Skorradalshrepps að Katlaþúfu, þaðan bein lína til sjávar sunnan við Þjófakletta. (1) Náttúrulegur birkiskógur í nágrenni þéttbýlis. Mikið útivistargildi.“

Umhverfisstofnun bendir á að birkiskógar eru vistkerfi sem hafa verndargildi og hafa íslensk stjórnvöld markað þá stefnu að stuðlað skuli að verndun þeirra. Samkvæmt 3. mgr. 39. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skal Umhverfisstofnun ásamt Skógrækt ríkisins vinna að verndun og eftirliti með náttúrulegum birkiskógum og skógum til útivistar. Samkvæmt 4. mgr. sömu gr. skal ekki að óþörfu eyða eða spilla gróðri með mosa-, lyng- eða hrísrifri eða á annan hátt. Í stefnumörkun íslenskra stjórnvalda til sjálfbærrar þróunar til ársins 2020

(Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi) eru skilgreind markmið á sviði sjálfbærrar þróunar og leiðir að þeim markmiðum. Eitt þessara markmiða er að forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands. Í umfjöllun um leiðir að markmiðum segir m.a.:

„Áhersla verði lögð á að vernda þær vistgerðir sem hefur verið raskað hvað mest á grunni vinnu við að skilgreina og kortleggja vistgerðir á Íslandi. Forgangsmál í því sambandi eru m.a. votlendi og birkiskógar.“

Samkvæmt stefnumörkuninni skal einnig stefna að því að hafnar verði markvissar tilraunir og aðgerðir við endurheimt birkiskóga. Þar sem mikilvægum vistkerfum er raskað með framkvæmdum skal vera almenn regla að framkvæmdaraðili reyni að endurheimta sambærileg landsvæði.

Í uppfærðri stefnumörkun um sjálfbæra þróun (Velferð til framtíðar: Megináherslur 2006-2009) kemur fram að eitt markmiða stefnumörkunarinnar er að forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands. Í leiðum að markmiðum segir: *„Unnin verður áætlun um endurheimt náttúrulegra vistkerfa, þar á meðal birkiskóga á grundvelli stefnumörkunar um líffræðilega fjölbreytni. Áætlunin verður felld inn í næstu Náttúruverndaráætlun sem taka á gildi árið 2009.“* Um er að ræða stefnumörkun, sem gefur til kynna að stjórnvöld telji enn mikilvægt að vernda birkiskóga og telji sérstaka ástæðu til að fella endurheimt birkiskóga inn í náttúruverndaráætlun.

Í skýrslu frá umhverfissráðuneytinu frá mars 2007, sem ber heitið *“Vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga”* kemur fram að *“hinn 15. júní 2006 skipaði umhverfissráðherra nefnd sem var falið:*

- Að kortleggja ógnir sem steðja að íslenskum birkiskógum*
- Að móta tillögur um hvernig megi efla vernd og endurheimt birkiskóga á Íslandi*
- Að gera tillögur að leiðbeiningum vegna athafna sem hafa áhrif á birkiskóga.”*

Í áður nefndri skýrslu kemur fram að nefndin leggur áherslu á að *“Unnið verði áfram að friðun birkiskóga í samræmi við verndartillögur á Náttúruverndaráætlun 2004-2008”*. Einnig kemur fram að nefndin leggur til að *“Sett verði opinbert markmið um að birkiskógar þeki í framtíðinni 10% af flatarmáli landsins”* og að *“Við endurheimt birkiskóga verði lögð áhersla á stór, samfelld svæði.”* Í skýrslu umhverfissráðuneytisins kemur enn fremur fram að meðal helstu ógna sem steðja að íslenskum birkiskógum sé að *“birkiskógum er raskað eða eytt vegna framkvæmda og má í því tilliti nefna ruðning birkiskóga vegna vegagerðar, stækkunar þéttbýlis og frístundabyggðar”*.

Í niðurlagi skýrslunnar eru tillögur ásamt greinargerð þar sem segir *“Fyrir framtíð birkivistkerfisins á Íslandi telur nefndin mikilvægt að vernda birkiskóga sem fyrir eru og auka útbreiðslu þeirra.”* Lögð er áhersla á að *“Gamlir íslenskir birkiskógar eru auðlind, sem fela í sér bæði náttúru og nýtingararfleifð sem ekki er annars staðar að finna.”*

Ljóst er því að stjórnvöld hafa miklar áhyggjur af þróun birkiskóga hér á landi, og að lögð er mikil áhersla á verndun þeirra og endurheimt. Með framangreindri stefnumörkun hafa stjórnvöld markað stefnu um verndun birkiskóga, samanber 39.gr laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Með tilliti til þess telur Umhverfisstofnun að skipuleggja eigi svæði fyrir frístundabyggð utan náttúrulegra birkiskóga og kjarri vaxinna svæða, en ekki innan þeirra. Mótvægisáðgerðir eða uppgræðsla í stað þeirra vistkerfa sem raskast bæta aldrei fyrir þann skaða sem verður vegna framkvæmda og því telur Umhverfisstofnun að leggja beri áherslu á verndun vistkerfa sem hafa verndargildi þ.m.t. birkiskóga.


Matsskylda


Eins og fram kemur í umfjöllun um ruðning á náttúrulegum skógi og áhrif skipulagstillögu á umhverfið í skilmálum tillögunnar, ber samkvæmt lið 1.d í 2. viðauka laga nr. 106/2000, sbr. lög nr. 74/2005 um mat á umhverfisáhrifum, að tilkynna ruðning á náttúrulegum skógi til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu. Að mati Umhverfisstofnunar mætti einnig koma fram að í ritinu *Skógrækt í skipulagsáætlunum sveitarfélaga*, sem unnið var í samvinnu Skógræktar ríkisins og Skipulagsstofnunar er miðað við að tilkynna skuli skógruðnings ef framkvæmd hefur í för með sér varanlega eyðingu skógar sem fullvaxinn getur náð a.m.k. 2 m hæð, er a.m.k. 0,5 ha að flatarmáli og þekur a.m.k. 10 % svæðis. Í greinargerð kemur fram að 0,46 ha skógar muni verða rutt ef til framkvæmda kemur. Þess hefur verið gætt við gerð tillögunnar að raska skógi sem minnst og telur Umhverfisstofnun það vel.

Niðurstaða

Það er mat Umhverfisstofnunar að ekki beri að rýra náttúruverndar- og útivistargildi svæðisins og því eigi ekki að reisa frístundahús innan birkiskógarins eða ryðja birkikjarr vegna frístundabyggðar. Umhverfisstofnun er því mótfallin uppbyggingu frístundabyggðar innan ofangreinds svæðis sem er á náttúruminjaskrá.

Virðingarfyllt


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur

Hvalfjarðarsveit

Skipulagsstofnun